



BAUTASTEINN

Útgefandi: Kirkjugarðasamband Íslands
1. tölublað 15. árgangur maí 2010

ORAX Sigtæki

með rafmagnshleðslu



Efni:

hleðslukassi úr áli
rör úr ryðfríu stáli.

Lengd: 225

Færanleg breidd: frá 69 - 94 cm

Þyngd: 38 kg

BIKAB flokkunar- gámar



-Flokkun
úrgangs

-Gámurinn er heitgalvanísieraður m/glansáferð

-Tvær einingar f/úrgang úr svörtu polyethylíni

-Lokur úr áli

-Klæðning: dökkgræn

Grafarklæði / graframmi



Þekur hliðar grafarinnar til botns og þekur gröfina allan hringinn. Samanstendur af tveimur löngum plönkum og tveimur t-formuðum endastykkjum.

K-60 Dreifari f / salt & sand



-Rúmmál: 60 lítrar

-Dreifubreidd: 0,6 m

-Þyngd 31 kg

-Fyrir jarðveg, sand og salt.

Lágur þyngdarpunktur og meðfærilegur.

Er einnig nothæft sem venjulegar hjólbörur.

RölTec vatnspóstar



Mobilplant sjálfvökvunar kassar



MobilPlant

til í meðfylgjandi stærðum:

65 x 30 cm ferhyrndur

60 x 40 cm ferhyrndur

40 x 30 cm ferhyrndur

50 x 30 cm rúnnaður

Bentzen As

Solgård Skog 4, 1599 Moss, Norge.

Telefon: +47 69 24 49 40 Telefaks: +47 69 24 49 44

www.bentzenas.no

Fjármál kirkjugarða eftir efnahagshrun



Þórsteinn Ragnarsson
formaður Kirkjugarða-
sambands Íslands.

Kirkjugarðaráð gerði árið 2005 þjónustusamning við ríkið sem byggði á gjaldalikani sem Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) lét gera á árunum 2001-2003. Frá þeim tíma hefur tvennt aðallega ráðið greiðslu til kirkjugarða:

a) **Umhirðugjald** (fermetrastærð grafarsvæða). Fermetragjaldið breytist samkvæmt þróun verðlags á milli ára og stækkun grafarsvæða.

b) **Greftrunargjald** (grafartaka og prestsþjónusta). Greftrunargjald er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu á gardur.is. Greftrunargjald innifelur greiðslu fyrir prestsþjónustu og grafartöku.

Samingurinn varð að veruleika eftir áralanga baráttu KGSÍ fyrir auknum tekjum kirkjugarða. Ekki var um tekjuaukningu að ræða en viss ákvæði í samningnum tryggðu að kirkjugarðar fengju á árunum 2005 til 2008 greitt fyrir aukin verkefni, svo sem fleiri greftranir og stærri umhirðusvæði. Þessi samningur var tekinn úr sambandi eftir efnahagshrunið á haustdögum 2008 og hafa tekjur kirkjugarða landsins því áfram verið skertar árin 2009 og 2010. Skerðingin, miðað við uppreiknaðan samning, nemur um 100 milljónum á yfirstandandi ári eða rúmlega 10% en er yfir 200 milljónir ef árin 2009 og 2010 eru lögð saman. Með tilliti til þeirra vandræða sem ríkissjóður á við að etja um þessar mundir vilja forráðamenn kirkjugarða stuðla að endurreisn þjódarbúsins og þola skerðingu eins og fjölmargir aðrir málaflakkar hafa þurft að gera. En ljóst má vera að kirkjugarðar landsins geta ekki búið við áframhaldandi tekjuskerðingu. Hægt er um tveggja til þriggja ára skeið að fresta kaupum á vélum og tækjum og sleppa viðhaldi bygginga og halda í lágmarki mannafla við umhirðu garðanna en það er ekki hægt til lengdar. Í ljósi áralangrar baráttu KGSÍ fyrir meira fjármagni til kirkjugarða landsins og þess afturkipps sem kreppan hefur valdið má segja að það sé skylda embættismanna í ráðuneytum og stjórnmalamanna að tryggja leiðréttingu strax og ríkisfjármálin rétta við.



Ámælisverð íþyngjandi ráðstöfun

Við aðra umræðu fjárlaga 2010 var framlag ríkisins til kirkjugarða lækkað um sex milljónir króna til viðbótar við 10% skerðinguna. Þetta var gert um leið og framlag ríkisins til Kristnisjóðs var hækkað um sömu fjárhæð. Það var álit stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands að með 10% lækkuninni hefðu kirkjugarðar landsins tekið á sig þá lækkun sem margar stofnanir og fyrirtæki hafa þurft að axla vegna vandræða í ríkisfjármálum og þar við sæti en svo var ekki. Heimildir undirritaðs herma að mikill þrýstingur hafi verið af hálfu kirkjuráðs að hækka framlag til Kristnisjóðs sem skertur hafði verið umfram meðaltal. Þá virðist einhverjum „snillingi“ hafa dottið í hug að lækka framlag til kirkjugarða til að ná fram lækkun til Kristnisjóðs (ekkert breytist í útgjöldum ríkisins). Flokkast slík „snilld“ undir ámælisverð vinnubrögð, þ.e. að rugla saman tveimur óskyldum málaflökkum. Annars vegar er um að ræða enn frekari skerðingu á tekjum til kirkjugarða sem þjóna öllum landsmönnum án tillits til trúfélaga og hins vegar er um að ræða sjóð á vegum þjóðkirkjunnar sem sinnir ýmsum trúmálaverkefnum. Þessari ákvörðun, að taka af framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins og bæta þeirri upphæð við Kristnisjóð, var mótmælt harðlega af hálfu stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands og þess krafist að leiðrétting yrði gerð sem bætti kirkjugörðum upp þessa dæmalausú „millifærslu“. Kirkjugarðaráð hefur einnig mótmælt þessari ráðstöfun í bréfi til fagráðherra. Mótmælunum hefur ekki verið svarað.

Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.

BAUTASTEINN

Útgefandi:

Kirkjugarðasamband Íslands

Ábyrgðarmaður:

Þórsteinn Ragnarsson

Afgreiðsla:

Skrifstofa KGRP, Fossvogi
Sími: 585 2700, Fax: 585 2701
www.kirkjugardar.is

Ritsjórn:

Smári Sigurðsson
Guðmundur Rafn Sigurðsson
Sigurjón Jónasson

Umsjón, greinaskrif og ljósmyndun:

Hulda G. Geirsdóttir

Umbrot og prentun:

Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja



ISSN 1670-2395

Forsíðumyndin:
Úr Akureyrarkirkjugarði.
Ljóm.: Guðmundur Rafn Sigurðsson.

Gunnar Bollason sagnfræðingur skrifar: Legsteinasmíðar Sverris Runólfssonar

Sverrir Runólfsson var einn fyrsti lærði steinsmíðameistarinn hér á landi. Í grein sem ég ritaði í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 2008-2009¹ gat ég stuttlega um ævi Sverris en í þessari grein er ætlun mín fjalla meir um einstaka legsteina sem hann hefur meitlað. Ljóst er þó að grein þessi verður aldrei fullkomið yfirlit yfir legsteinasmíðar Sverris, bæði vegna þess að henni er ekki ætlað það en einnig vegna þess að verk hans er að finna víða um land og höfundi þessarar greinar hefur ekki gefist færi á að kanna alla þá staði á landinu þar sem verk Sverris er að finna.

Sverrir Runólfsson fæddist á Mariubakka á Síðu þann 9. júlí 1831, sonur Runólfs Sverrissonar (1803-1879) og konu hans Guðrúnar Bjarnadóttur (1803-1868).² Æviágrip Sverris eftir hann sjálfan birtist í Þjóðólfi árið 1909 en það var síðar gefið út sem sérprent. Verður mjög stuðst við það í þessari grein. Sverrir dvaldist eystra á Mariubakka þar til hann var 19 ára en árið 1852 réðst hann til síra Jóns Sigurðssonar prests að Kálfafelli í Fljótshverfi þar sem hann var í tvö ár. Þar eftir var hann eitt ár að Stekkjum við Djúpavog og var þar á þiljubát sem nefndur var *Ludvik Johann*.³ Árið 1855 fór hann til Eskifjarðar þar sem hann dvaldist hjá Niels Richard Bech. Erfitt er að ráða af skrifum Sverris hvort hann dvaldi hjá Bech aðeins yfir sumarið eða einnig veturinn eftir en þó er að sjá sem hann hafi dvalið um veturinn og hefur hann þá haustið 1856 siglt með skonnortunni *Jöhönnu* til Kaupmannahafnar. Þar í borg segist Sverrir hafa dvalið stutta stund áður en hann fór til meistara Gottfríds Krause „...að æfa sig í að kljúfa grjót og laga þar af brústeina til að steinleggja með götur, og var fullnuma í því um vorið [1857].“⁴ Af skrifum Sverris virðist mega ráða að sumarið 1857 hafi hann numið hjá meistara Johan Theodor Kränche að byggja hús úr brenndum tígulsteini og samdist honum og meistaranum svo um að hann fékk að ljúka sveinsstykkinu um haustið sem hann og gerði. Veturinn 1857-1858 nam hann teikningu hjá Kränche. Vorið 1858 fór Sverrir til Borgundarhólms til náms í brennslu kalks, sements og múrsteins hjá Carlberg en ekki getur Sverrir nánar um hann. Á Borgundarhólmi dvaldist Sverrir fram á sumar og vann við byggingu *Nordlyst* í Rønne. Mun hann hafa eftir það skoðað steinsmíðaverk víðsvegar á Borgundarhólmi áður en hann hélt aftur til Kaupmannahafnar.

Þegar þangað kom var svo liðið á sumarið að enga vinnu var að fá. Fór hann þá að vinna í Køge og vann einnig við múrverk hjá Moltke greifa á Turebyholm. Vorið 1859 fékk Sverrir vinnu við byggingu hverfissjúkrahússins við Farimagsveg í Kaupmannahöfn. Við bygginguna segir Sverrir að hafi unnið 330 múrsvæinar, 500 handlangarar, 100 trésmíðir, 3 yfirmenn og 1 stjóri. Segir Sverrir að hann hafi æfst mjög í byggingariðni við þennan starfa. Hann mun hafa starfað fyrir sama meistara, P. Petersen að nafni, um haustið 1859 við iðn sína hjá Asíufélaginu. Árið eftir, 1860, sneri Sverrir svo aftur til Íslands með gufuskipinu *Arcturus* og mun það hafa verið að beiðni Benedikts Sveinssonar sem þá hefur ætlað að byggja steinbæ sinn á Elliðavatni. Sverrir segir að þeim hafi ekki samist um að hann fengi neitt kaup og að þessum viðskiptum skildum fór hann að smíða legsteina auk annarra verka.⁵ Sverrir gerði við ræsisrennur með nýju lagi og lagði götur og vegi í Reykjavík og nágrenni. Árið 1866 smíðaði hann steinbogabré yfir Lækinn í Reykjavík og þótti mikil bæjarþrói að henni. Einnig gerði hann Skólavörðuna árið 1868. Sverrir útfærði og byggði steinhús í Stóru-Vogum á Vatnsleysuströnd árið 1871 en það hús er því miður ekki lengur uppi standandi. Eru rústir þess við Akurgerði hjá grunnskólanum í Vogum. Sumarið 1874 var hann verkstjóri við framkvæmdir á Þingvöllum til undirbúnings Þjóðhátíðinni sem haldin var vegna 1000 ára afmælis Íslandsbyggðar.⁶ Það mun hafa verið strax árið 1864 sem Ásgeir Einarsson alþingismaður á Þingeyrum fór þess á leit við Sverri að hann tæki að sér að vera yfirmiður að kirkju þeirri sem Ásgeir hafði hug á að reisa á jörð sinni. Vann Sverrir að þeirri smíð næstu árin. Var grjót til kirkjubyggingarinnar fengið úr Ásbjarnarnesbjörgum vestan við Hópið og það svo dregið á ísum yfir það. Smíði kirkjunnar dróst nokkuð, helst vegna erfiðra aðdráttar, en hún var svo vígð þann 9. september 1877.⁷

Í æviágripi sínu nefnir Sverrir þá einstaklinga sem hann meitlaði legsteina yfir. Best fer á því að birta listann hér í heild sinni og orðrétt en fjalla svo nánar um hvern og einn stein eftir því sem heimildir hrökkva til.

1. Gunnar Bollason: „Ágrip af sögu minningarmarka og steinsmíði á Íslandi frá öndverðu fram á 20. öld“, *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 2008-2009, Hið íslenska fornleifafélag, Reykjavík, 2009, s. 5-41.
2. *Múraratal og steinsmíða*, Þorsteinn Jónsson ritstj., 2. bindi, Þjóðsaga, [Reykjavík,] 1993, s. 755.
3. Kjartan Bergmann Guðjónsson: „Sverrir steinhöggvari“, *Tíminn* Sunnudagsblað, 9. júní 1963, s. 518.
4. „Æviágrip Sverris Runólfssonar steinhöggvara eptir sjálfan hann“, *Þjóðólfur*, 22. október 1909, s. 175.
5. Sama heimild, s. 175-176.
6. Kjartan Bergmann Guðjónsson: „Sverrir steinhöggvari“, s. 518 og Guðrún Jónsdóttir „Byggingarlist kirkjunnar“, [Þingeyrakirkja], *Kirkjur Íslands*. Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi II, 8. bindi, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofa. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2006, s.283.
7. Guðrún Jónsdóttir: „Byggingarsaga kirkjunnar“, [Þingeyrakirkja], *Kirkjur Íslands*. Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi II, 8. bindi, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofa. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2006, s.270-272.



Flatur legsteinn settur Oddi Guðjónssyni trésmíðameistara í Hólavallagarði. Einn nokkurra flatra steina sem Sverrir meitlaði. Glögglega má sjá sporöskjulagada flötinn þrátt fyrir mosann.

Ljós.: Fornleifavernd ríkisins/Gunnar Bollason.

Legsteinninn sem Leikfélag andans, sem síðar nefndist Kvöldfélagið, lét setja Sigurði Breiðfjörð í Hólavallagarði og Sverrir Runólfsson meitlaði. Ljós.: Fornleifavernd ríkisins/Gunnar Bollason.

1. Yfir C. F. Glad kaupmann, sem var grafinn í Reykjavík og síðan fluttur til Kaupmannahafnar.
2. Yfir [sira] Þórð Árnason á Mosfelli.
3. Yfir konu N. Jörgensens
4. Yfir Sigurði Breiðfjörð
5. Yfir Odd trésmíð Guðjónsson
6. Yfir Guttorm prest Pálsson og konu hans
7. Yfir foreldra P[áls] Vídalíns
8. Yfir Benedikt prest á Hólum og konu hans
9. Yfir foreldra Hallgríms prests á Hólum
10. Yfir Gísla Þorsteinsson á Uppsölum
11. Yfir Guðm[und] á Refsteinsstöðum
12. Yfir barn hjá Þingeyrum
13. Yfir Blöndal sýslumann og konu hans
14. Yfir bónda á Eyjólfsstöðum
15. Yfir Gísla lækni Hjálmarsson
16. Yfir Magnús sýslumann Stephensen og konu hans
17. Yfir Eirík sýslumann Sverrisson og móður hans
18. Yfir lektor Jón Jónsson og síra Markús í Odda
19. Yfir Kristínu og Guðrínu systur þar.

Af þessum legsteinum hefur höfundur þessara orða séð og skoðað eftirfarandi: nr. 4, 5, 7, 8, 15, 16, 17, 18, og 19. Aðra legsteina hefur höfundi annaðhvort ekki tekist að finna eða hann hefur ekki komið í þá kirkjugarða þar sem líklegast er að þá sé að finna. Legsteinn nr. 1 er horfinn því Glad hefur verið grafinn í Hólavallagarði en þar er engan stein yfir hann að finna. Vera má að steinninn hafi einnig verið fluttur til Kaupmannahafnar. C. F. Glad var fyrst lausakaupmaður á Vestfjörðum en hann lést í Reykjavík 3. september 1862.⁸ Um legstein nr. 2 er það að segja að síra Þórður Árnason (1803-1862) var síðast prestur á Mosfelli í Mosfellssveit. Hef ég ritað um minningarmörk þar en hef ekki rekist á þennan stein. Má vera að hann sé sokkinn í jörðu. Um legsteininn yfir konu N. Jörgensens er ekkert vitað og hefur mér ekki tekist að finna nafn hennar. Niels Jörgensen mun fyrst hafa komið hingað sem þjónn Trampe greifa. Hann varð síðar lengi veitingamaður í Reykjavík. Hann lést af slysförum í Kaupmannahöfn sumarið 1875.⁹ Legsteinn nr. 4, sá yfir Sigurði Breiðfjörð, er á vísu stað í Hólavallagarði. Það sama er að segja um legstein Odds Guðjónssonar nr. 5. Síra Guttormur Pálsson (1775-1860), sem steinn nr. 6. er yfir, var síðast prestur í Vallanesi og er hann líklega grafinn þar. Kona hans var Margrét

8. *Íslendingur*, 12. september 1862, s. 72.

9. *Vísir*, 15. september 1939, s. 3.



Fyrsti upprétti legsteinninn sem reistur var í Hólavallagarði, meitlaður af Sverri Runólfssyni. Settur Gísla Hjálmarssyni lækni sem lést 1867. Ljós.: Fornleifavernd ríkisins/Gunnar Bollason.



Legsteinn á Breiðabólstað í Fljótshlíð yfir Magnúsi Stephensen sýslumanni, gerður af Sverri. Hann er að forminu til eins og steinninn yfir Gísla lækni en í mun minni skala. Ljós.: Fornleifavernd ríkisins/Gunnar Bollason.

Vigfúsdóttir. Legsteinn nr. 7 var settur Jóni og Kristínu Thorarensen en þau hvíla í Víðidalstungu. Legsteinn nr. 8 er í klukkuturni Hóladómkirkju og hefur honum verið komið fyrir þar á veggnum ásamt fleiri legsteinum. Legstein nr. 9 hefur höfundur ekki gefist færi á að skoða en síra Hallgrímur Jónsson (1811-1880) var prestur á Hólum í Reyðarfirði. Foreldrar hans, sem steinninn var settur, voru síra Jón Þorsteinsson, síðast í Kirkjubæ í Tungu, og kona hans Þuríður Hallgrímsdóttir. Vera má að steinninn sé í Kirkjubæ. Um legsteina 10, 11. og 12. er erfitt að segja. Líklega eru legsteinar þessir í kirkjugörðum Húnavatnssýslu og Sverrir meitlað þá er hann vann að byggingu Þingeyrakirkju. Í Húnavatnssýslu er að finna tvo Uppsala bæi. Annar er í Húnaþingi Vestra, þ.e. í gamla Fremri-Torfustaðahreppi, og hinn er í Húnavatnshreppi, þ.e.a.s. í hinum forna Sveinsstaðahreppi. Refsteinsstaðir eru í Húnaþingi vestra eða í gamla Þorkelshólshreppi. Ekki hefur höfundur rekist á þessa steina á ferðum sínum um kirkjugarða á þessum slóðum. Það sama er að segja um legstein nr. 12 en á Þingeyrum hagar svo til að fyrir fáeinum áratugum var gömlu legsteinunum sem verið höfðu í kirkjugarðinum safnað saman og þeir fluttir í nokkurs konar safnreit neðan við kirkjuna en ekki hefur fundist þar steinn yfir barn. Hvað varðar legstein nr. 13. hlýtur að vera um að ræða Björn Auðunsson Blöndal (1787-1846), sýslumann Húnavatnssýslu og konu hans, Guðrúnu Þórðardóttur Blöndal (1796-1864). Í Undirfelli er legsteinn yfir þau hjón. Hann er úr sandsteini með bergfléttuskreyti. Er það innfluttur steinn og því ekki eftir Sverri. Á ferð um garðinn fyrir allmörgum árum tók höfundur ljósmynd af steini sem var allsokkinn í jörð en of sléttur til að geta verið ótilhöggið náttúrulegt grjótt. Ekki var á honum að sjá neitt letur við fyrstu sýn enda steinninn mjög vaxinn skófum og mosa. Vera má að þar sé kominn legsteinninn yfir þau hjón og nýrri svo verið

settur síðar. Verður frekari athugun á þessum steini að fara fram síðar. Legsteinn nr. 14 er einnig óþekktur. Eyjólfsstaði er að finna víðar en í Húnavatnssýslu en líklegast er þó um að ræða bæ þar í sýslu en hann er í Áshreppi. Hinir legsteinarnir sem eftir eru á listanum, steinar nr. 15 – 19 eru allir þekktir. Legsteinn Gísla Hjálmarssonar lækni er í Hólavallagarði, á leiði O 510. Er hann fyrsti upprétti legsteinninn í garðinum. Legsteinn Magnúsar Stephensen sýslumanns og konu hans er í kirkjugarðinum á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Á Breiðabólstað er einnig legsteinn nr. 17 settur Eiríki Sverrissyni og móður hans. Steinar nr. 18 og 19 eru, eins og Sverrir greinir frá, í Odda á Rangárvöllum.

Eldri legsteinar Sverris voru flatar hellur sem lágu á gröfunum. Var svo um íslenska legsteina alveg frá öndverðu. Með nýklassíska stílnum urðu legsteinar svo uppréttir og má glögglega sjá þetta á verkum Sverris. Legsteinar nr. 5, 8, 18 og 19 eru allir flatar grafarhellur úr grágrýti. Á þeim miðjum er ögn kúptur sporöskjulaga flötur og eru nöfn, fæðingar- og dánardægur meitluð þar á.

Fyrsti legsteinninn sem reistur var í Hólavallagarði er legsteinn Sigurðar Breiðfjörð. Í ársbyrjun 1861 var stofnað í Reykjavík félag eða nokkurs konar leyniklúbbur ungra menntamanna sem nefndist Leikfélag andans. Nafni þess var fljótlega breytt í Kvöldfélagið og árið eftir ákvað félagið að safna fé til að reisa Sigurði Breiðfjörð minnismerki. Var Sverri Runólfssyni falið verkið en hann var þá nýlega kominn heim frá Kaupmannahöfn. Steinninn er lágur og hefur hann form dropa. Á hann er meitluð falleg en einföld upphleypt mynd af hörpu sem lengi hefur verið tákn skáldskaparins. Þar fyrir neðan er svo meitlað nafn Sigurðar, fæðingar- og dánarár, með nokkuð stórum en fallegum stöfum. Steinninn mun Sigurður hafa fengið nálægt Sauðagerði og alls mun verkið hafa kostað 48 ríkisdali. Stóð Sverrir í nokkru stappi

við að fá greitt fyrir verkið en Kvöldfélagið mun hafa lognast út af í millitiðinni. Legsteinn Sigurðar er ekki lengur á upprunalegum stað heldur var hann færður þegar göngustígurinn upp að líkhúsinu var breikkaður. Líkhúsið stóð þar sem klukknaportið er nú. Legsteinn Sigurðar er nú í reit R 520.¹⁰

Einn af örfáum flötum legsteinum í Hólavallagarði er legsteinn nr. 5 sem settur var Oddi Guðjónssyni trésmiðameistara. Steinninn er í reit N 508. Hann er 130 cm á lengd og 63,5 cm á breidd. Á honum miðjum er upphleyptur sporöskjulagaður flötur. Steinninn er þykkastur um miðju en þunnast út frá henni. Athygli vekur að Sverrir kys að meitla á steininn með lágstöfum en vanalegast notaði hann hástafi latinuletsurs. Oddur var bróðir Péturs Guðjohnsen dómorganista í Reykjavík.¹¹

Fyrsti upprétti steinninn sem reistur var í Hólavallagarði er á reit O 510 en legsteinar hér á landi höfðu áður legið á leiðnum eins og fyrr er greint frá. Steinninn er númer 15 í upptalningu Sverris og var settur Gísla Hjálmarssyni lækni. Svo segir Björn Th. Björnsson listfræðingur í riti sínu *Minningarmörk í Hólavallagarði*: „Hann er allhár, grófhöggvinn og með einföldum, sterkum formum. Neðri hlutinn, sem skagar nokkuð fram, er burstlaga ofan, og á þann hluta er letrið höggvið. Drangurinn dregst síðan upp, í einskonaform, og er typtur ofan. Steinninn er með öllu skrautlaus, en býður af sér kjarnmikinn og alvarlegan blæ.“¹² Gísla lækni var fæddur 1807 og lést hann 13. janúar 1867. Foreldrar hans voru síra Hjálmar Guðmundsson síðast á Hallormsstað og kona hans Guðrún Gísladóttir. Gísla lauk prófi í læknisfærði árið 1844 og var árið eftir skipaður héraðslækni í Múlaþingi og Austur-Húnavatnssýslu og bjó hann að Brekku í Fljótsdal. Hann fékk lausn árið 1860 og fluttist suður, bjó síðustu æviárin á Bessastöðum. Kona hans var Guðlaug Guttormsdóttir. Hún lést árið 1881 og hvílir við hlið manns síns. Á leiði hennar er samskonar steinn að efni og formi en augljóslega eftir annan steinsmið.

Legsteinn nr. 16, sá yfir Magnúsi Stephensen sýslumanni og konu hans, er í kirkjugarðinum á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Hann hefur sama lag og steinarnir yfir Gísla lækni og Guðlaugu en er mun minni. Auk þess eru fleiri undirsteinar undir varðanum. Þótt Sverrir segi að steinninn sé yfir þau hjón er aðeins meitlað á hann nafn Magnúsar og fæðingar- og dánarár. Einnig er vert að benda á annan legstein eftir Sverri í kirkjugarðinum á Breiðabólstað. Höfundur er aðeins kunnugt um tvo garða þar sem er að finna fleiri en einn legstein eftir Sverri í sama garðinum en það er garðurinn á Breiðabólstað og Hólavallagarður. Það er legsteinninn sem Sverrir merkir nr. 17 og er yfir föðurbróður hans og ömmu, Eiríki Sverrissyni og móður hans Sigríði Salomonsdóttur. Steinninn er fremur einfaldur að gerð. Hann er flatur en er ekki með kúptu sporöskjunni sem annars einkennir flata legsteina eftir Sverri. Steinninn er þó ögn ávalur efst og er letrið fremur grófgert. eru endar steinsins örlítið sveigðir en ekki svo að þeir verði kallaðir bogadregnir.

Legsteinn nr. 7 er um margt einstakur fyrir þá steina sem Sverrir meitlaði og sem höfundur þessara lína hefur kannað. Hann er í kirkjugarðinum í Viðidalstungu. Steinninn er settur saman úr þremur hlutum. Efst er lágur varði með rómönsku lagi, þ.e. bogadreginn að ofan. Hann er 79 cm á hæð. Varðinn stendur



Legsteinn eftir Sverri í kirkjugarðinum í Viðidalstungu sem settur var Jóni og Kristínu Thorarensen, foreldrum Páls Vídalín alþingismanns.

Ljós.: Fornleifavernd ríkisins/Gunnar Bollason.

á sökkli og hvort tveggja hvílir svo á fremur grófgerðum undirsteini. Alls er minningarmarkið um 107 cm á hæð en það virðist hafa sigið nokkuð. Við bogaskilin eru snöggar axlir en brúnir varðans hafa örlitinn fláa bæði á framhlið og að baki. Efst á varðanum er meitluð upphleypt opin bók en ekki er að sjá að nokkuð letur hafi verið meitlað þar á. Vera má að bókin eigi að tákna Biblíuna. Flöturinn sem áletrunin er á hefur verið meitlaður fremur grunnt í framhliðina en þar er meitlað á:

HER HVILA
HJÓNIN
STÚDENT
JÓN FRÍÐRIKSSON
THORARENSEN
1796-1859
OG
KRISTÍN JÓNSD.
THORARENSEN
1787-1857

10. Björn Th. Björnsson: *Minningarmörk í Hólavallagarði*, ljósmyndun: Pjetur P. Maack, Mál og menning, Reykjavík, 1988, s. 44, 54-55.

11. Gunnar Bollason: *Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu. Skráning og rannsókn minningarmarkna*, Rannsóknarsýrslur Þjóðminjasafns 2001:4, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2002, s. 80-81.

12. Björn Th. Björnsson: *Minningarmörk*, s. 52.

Kristín var dóttir síra Jóns Jónssonar prests á Gilsbakka og konu hans Ragnheiðar Jónsdóttur en Jón Thorarensen var sonur síra Friðriks Þórarinssonar á Breiðabólstað í Vesturhópi og konu hans Hólmfríðar Jónsdóttur. Hann varð stúdent frá Bessastaðaskóla árið 1819 og stundaði um tíma barnakennslu. Hann bjó í Víðidalstungu frá 1823 til æviloka.¹³ Maðal barna þeirra Kristínar var Páll Vídalín, stúdent og alþingismaður í Víðidalstungu, og hefur hann líklega beðið Sverri um að gera steininn, sennilega á þeim tíma sem Sverrir var við byggingu Þingeyrarkirkju. Eftir vígslu Þingeyrarkirkju árið 1877 mun Sverrir hafa dvalist nyrðra og er líklegt að á þessum misserum

hafi hann gert legsteinana sem rekja má til Húnavatnssýslu. Þann 10. maí 1879 lagði hann á báti út á Húnaflóa og hafa menn getið sér þess til að hann hafi ætlað að heimsækja frænda sinn Sigurð Sverrisson (Eiriksson) sýslumann í Hrútafirði en þeir Sverrir voru bræðrasynir. Í þessari för drukknaði Sverrir og með honum hundurinn hans tryggi, Magnús berfætti, sem fylgt hafði honum lengi í ferðum hans. Lýkur hér frá Sverri að segja í bili.

Höfundur er verkefnisstjóri kirkjuminja hjá Fornleifavernd ríkisins.

13. Gunnar Bollason: „Minningarmörk“, [Þingeyrarkirkja,] *Kirkjur Íslands*. Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi I, 7. bindi, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofa. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2006, s. 312.

Rykfallið lagafrumvarp

Hið háa Alþingi hefur nú í fjögur ár haft til meðferðar frumvarp til laga um breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Frumvarpið var lagt fram á 132. löggjafarþingi 2005-2006. Það hefur tvisvar verið til umfjöllunar hjá allsherjarnefnd sem hefur kallað eftir umsögn tengdra aðila í bæði skiptin. Ekki getur hrun efnahagskerfisins á Íslandi og annir við að bjarga landinu frá gjaldþroti skýrt þetta áhugaleysi þingheims fyrir málefnum tengdum hinum látnu og aðstandendum þeirra, þar sem frumvarpið hafði legið rykfallið í geymslum Alþingis í þrjú ár þegar efnahagskerfið á Íslandi hrundi á haustdögum 2008. Hver örlög frumvarpsins verða er ekki gott að segja. Líklegt er að skipa þurfi nefnd til að endursemjja það ef þingmenn hafa þá tíma til að afgreiða það.

*Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.*

Legsteinar



SÓLSTEINAR

Kársnesbraut 98 | 200 Kópavogur | Sími: 564 4566 | Fax: 534 5533 | E-mail: sol@solsteinar.is | www.solsteinar.is

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fylgihluta - ljósker, englar, kerti, blómavasar, styttur og margt fleira.

Uppsetning, grafskrift og viðhaldsþjónusta.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

Snyrtimennska í hvívetna



Fallegt minningarmark úr steini, til hliðar sést glitta í annað nútímalegra úr járn.

Útsendari Bautasteins var á ferðalagi um Sviss í fyrra og heimsótti þar m.a. fallegan kirkjugarð í bænum Appenzell. Snyrtimennska einkenni garðinn allan, auk þess sem fjölbreyttar gerðir minnismerkja var þar að finna. Gaman var að skoða garðinn og sjá hversu greinilegt er að gengið er um hann af mikilli virðingu.

Öðrum megin í garðinum var að finna leiði með trékrossum sem eru einkennandi á þessum slóðum, krossar með „þaki“ ef svo má að orði komast og voru þeir nýrri klæddir svörtu sorgarklæði. Hinum megin var að sjá minnismerki úr ýmsum efnum, s.s. tré, steini, gleri, járn og náttúrusteini. Mikil blómskrúð er í garðinum enda Svisslendirar mikil blómafólk. En myndir segja meira en mörg orð og rétt að þær tali sínu máli.

Myndir og texti: Hulda G. Geirsdóttir.



Vatnspóstur og blómavasar til afnota fyrir kirkjugarðsgesti.



Minnismerki um horfna.



Blómskrúð í snyrtilegum garðinum. Í baksýn er veggurinn sem geymir duftkerin.



Minningarmark úr tré.



Minningarmark úr gleri.



Svona er búið um duftker í veggnum.



Trékrossarnir öðrum megin í garðinum.




Krossinn á leiði Lífar Leifs

Samkvæmt okkar bestu vitneskju er aðeins einn kross að finna hér á Íslandi sem er smíðaður í sama stíl og krossarnir sem við sáum í Sviss. Þessi kross er á leiði Lífar Leifs í Fossvogskirkjugarði.

Hulda G. Geirsdóttir

Níu tonn af stáli og þúsundir bolta



Falleg lýsing setur mikinn svip á brúna og umhverfi hennar.

Göngubrúin í duftgarðinum Sóllandi í Öskjuhlíð setur mikinn svip á svæðið og er hin mesta prýði. Brúin var hönnuð af teiknistofunni Tröð sem hluti af heildarhönnun Sóllandssvæðisins. Smíði hennar var boðin út og verkið fékk Vélsmiðja Steindórs á Akureyri. Vélsmiðjan er fjölskyldufyrirtæki, stofnað árið 1914 og þar starfa nú 3. og 4. kynslóð. Þrátt fyrir kreppu segir Sigurgeir Steindórsson hjá vélsmiðjunni að verkefni hafi verið næg. „Þenslan var aldrei sambærileg hér úti á landi og við finnum því ekki eins fyrir samdrættinum, alla vega ekki enn sem komið er. Afþynnuverksmiðjan Becromal er okkar stærsta verkefni þessa dagana en við höfum um langa tíð sinnt fjölbreyttum verkefnum í sjávarútvegi sem og almennum málmíðnaði.“ Átta manns vinna að jafnaði hjá fyrirtækinu og þar er mikla fagþekkingu að finna enda flestir starfsmenn með allt að 25-30 ára starfsreynslu. „Við erum því heppnir að vera hér fyrir norðan og að hafa yfir að ráða góðum mannskap.“

Ekki einfalt verk

Vélsmiðjan tók þátt í útboði vegna smíði brúarinnar í Sóllandi og fékk verkið. Smíðin tók fjóra mánuði og oftast voru tveir menn við verkið. Brúin er úr stáli og vegur níu tonn þannig að hún telst

engin smásmíði. Hún var smíðuð fyrir norðan, zink húðuð og máluð og síðan flutt suður.

„Brúinni var skellt á flatvagna og flutt suður og þar tók Steindór Björn, sonur minn, við henni til samsetningar við annan mann en hann hafði lítið komið að verkefninu fram að því. Þegar þangað var komið sat Steindór með níu tonn af stáli, hundruð íhluta, þúsundir bolta og yfir 200 teikningar og klóraði sér í hausnum,“ segir Sigurgeir og hlær við. „Hver bogi var í þremur hlutum og það tók tvo menn um þrjár vikur að setja brúna saman. Notaður var einn af stærri krönum sem fannst til slíkra verka, með 36 metra radíus, þar sem ekki mátti keyra inn á svæðið þar sem brúin stendur og flytja þurfti allt að 800 kílóa einingar að brúarstæðinu.“

Vinna þeirra félaga vakti mikla athygli og kom margt fólk að skoða. „Það var alveg sama hvernig við girtum svæðið af, alltaf kom fólk inn á verksvæðið að skoða. Sjálfsagt hafa þeir verið mjög forvitnilegir að sjá þarna hangandi niður úr krananum yfir tjörninni enda fengu þeir nokkrar gusur og duttu jafnvel ofan í á meðan á vinnunni stóð.“



Frá jarðsetningu fyrsta duftkersins á Sóllandi 2. október 2009.

Stoltir af verkinu

Sigurgeir segir þá stolta af verkinu og brúin komi sérlega vel út í Sóllandi. „Hún setur mikinn svip á svæðið og við erum ánægðir með útkomuna. Þetta var frumraun hjá okkur hvað verkefni af þessari stærðargráðu varðar og það var mjög krefjandi tæknilega. Brúarbitarnir voru hitaðir þannig að þeir skruppu saman og mynduðu þannig þennan fallega boga sem á brúnni er, í stað þess að vera beygðir í vél eins og venjan er með smærri smíðagripum. Við notuðum gamlar vinnsluáferðir við smíðina og það tókst vel. Til að byrja með fannst okkur þetta mikill hausverkur, þegar við sátum með 200 teikningar í fanginu, en við nánari skoðun kom í ljós að þetta var ekki eins flókið og við höldum en hver einn og einasti hlutur hafði verið teiknaður upp. Brúin var teiknuð af teiknistofunni Tröð en um burðarþolsteikningar sá Nýbýli ehf.

Brúin í Sóllandi er svo sannarlega mikil listasmíði sem og hennar nánasta umhverfi og hún prýðir svæðið svo um munar. Sjálfsagt munu margir eiga góða stund við brúna og njóta fegurðarinnar í þessum glæsilega garði um ókomna tíð.




Brúarsmíðir fengu nokkrar gusur við vinnuna.



Sólland að vetri. Ljóm.: Unnur Ólafsdóttir.

Hólavallagarður, Björn Th. Björnsson og ég



Björn Th. Björnsson.

Þegar ég var nýflutt á Hringbrautina í októberbyrjun 1985, rétt tvítug og búin að taka margar afgerandi ákvarðanir í lífi mínu, fylltist ég ótta við alla þessa ókomnu daga framundan. Það var haustlegt úti og einhvern veginn lá beinast við að fara í göngutúr til að hrista af sér kvíðann. Ég var enn frekar ókunnug í nágrenninu og strikið var tekið niður í miðbæ, yfir Hringbrautina á ljósunum við Grund, inn portíð á milli Brávallagötu og Ljósvallagötu. Allt í einu stóð ég fyrir framan hliðið á Hólavallagarði, gamla kirkjugarðinum. Ég var á þessum tíma búin að fá minn skammt af andlátum og útförum nánustu ættingja minna og vina og orðin hagvön í Fossvogskirkjugarði en hafði aldrei stigið fæti inn í þennan gamla og gróna kirkjugarð. Það er skemmt frá því að segja að inn í garðinn fór ég þetta haustsíðdegi, fann þar frið í mínum beinum við að skoða minningarmörk og áletranir og hef verið með annan fótinn þar síðan.

Á háskólaárum mínum fyrri sóttist ég eftir að komast í tíma hjá Birni Th. Björnssyni listfræðingi og kennara. Tímarnir voru í stóru kennslustofunni nr. 101 í Odda og var yfirleitt alveg fullt út úr dyrum. Stærsti hópurinn var það sem ég kallaði af hroka mínum „slæðukerlingar“, konur sem voru á sama aldri þá og ég er núna og voru einstaklega áhugasamar um listasöguna og þennan stórsjarmerandi kennara með fallegu röddina. Í minningunni voru tímarnir hjá Birni allar þessar þrjár annir hrein skemmtun hvort sem um var að ræða myndskreytta fyrirlestra þar sem sumar „slides“ myndirnar voru orðnar máðar af aldri og notkun eða heimsóknir í listasöfn, gallerí að ég tali nú ekki um óborganlegar vísindaferðir innan bæjar sem utan. Til dæmis fór hann með allan nemendahópinn sinn á fund Vigdísar Finnbogadóttur forseta Íslands á Bessastaði þar sem þau skemmtu sjálfum sér og okkur sem á hlýddu með með ógleymanlegum sögum af Bessastöðum og ekki síður af fyrri kynnum þeirra tveggja.

Ég man ekki eftir því að hafa farið í hóp með Birni út í Hólavallagarð en þær gönguferðir voru rómaðar fyrir skemmtun og fróðleik. En þegar eiginmaður minn, Heimir Janusarson garðyrkjumaður, hóf störf við Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma var eitt fyrsta embættisverk hans að

standa vakt í Hólavallagarði nokkra tíma í viku yfir svartasta skammdegið. Ég var þá enn við nám í Háskóla Íslands og stalst iðulega í kaffi í starfsmannaskúrinn í garðinum. Við fórum að velta ýmsu sem tengdist garðinum fyrir okkur í kyrrðinni og það fór svo að Hólavallagarður í allri sinni dýrð, hinir látnu, minningarmörkin, gróðurinn og lífið í garðinum hefur verið okkar helsta áhugamál æ síðan. Ein helsta heimild okkar hjónanna um garðinn fyrir utan garðinn sjálfan í allri sinni dýrð var bók Björns Th. Björnssonar *Minningarmörk í Hólavallagarði* sem út kom hjá bókaforlaginu Máli og menningu árið 1988. Bókin hefur að geyma stórskemmtilega sagnaþætti úr sögu Hólavallagarðs og frásagnir af ýmsu merkisfólki sem hvílir í garðinum, einkum frá 19. öld. Einnig gerir Björn í bókinni grein fyrir þróun og einkennum minningarmarka garðsins, meðal annars í samanburði við evrópska listasögu og greinir hin ýmsu tákni sem finna má á legsteinum í garðinum. Bókin varð fljótt geysivinsæl enda skemmtileg aflestrar. Hún seldist upp og hefur lengi verið ófáanleg en það er ljóst að efnistösk Björns og umfjöllunaratriði eru grunnur sem aðrir hafa síðan byggt eigin umfjöllun um garðinn á. Áhugi og hrifning Björns á ákveðnum þáttum í Hólavallagarði leynir sér ekki og hástemmdar og tilfinningaþrungnar lýsingar hans á mönnum og málefnum liðinna alda vekja í dag oft fleiri spurningar hjá lesandanum en þær svara. Því verður samt ekki neitað að magnaðir karakterar úr bæjarlífi hinnar ungu Reykjavíkur á 19. öld hoppa ljóslifandi upp af síðum þessarar skemmtilegu bókar.

Í eftirmála greinir Björn frá tilurð bókarinnar.

Þar segir hann m.a.:

Og meður því nú, að hann [þ.e. Björn sjálfur] taldi jafn ólíklegt að nokkrir, nema þá frábærir sérvitringar, myndu vilja skoða og hvað þá lesa slíka bók, og að nokkurt forlag spreðaði (svo) fjármunum í slíka glatkistu, leitaði hann til stjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis og bað hana – með 150 ára afmæli garðsins að yfirvarpi – að leggja fé í ljósmyndun helztu legmarka í garðinum. Brást stjórn kirkjugarðanna við af áhuga og stórhug. Við það varð betlibrautin til útgefenda að mun auðgengnari. Og betur en það: Eftir því sem á leið verkið og það fór að taka á sig nokkurt snið, breyttist efagjörn góðvild þar á bæ einnig í sama metnað. (Björn Th. Björnsson, 1988, 255).

Stjórn Kirkjugarðanna kostaði ljósmyndun bókarinnar og gerði gott betur en það því hún keypti töluvert upplag af bókinni í upphafi og notaði til gjafa handa starfsmönnum og ráðstefnugestum, erlendum sem innlendum. (Sigurjón Jónsson, munnleg heimild, 27. október 2009).

Björn varð með útgáfu bókarinnar sérfræðingur landsins í garðinum og það er eftir hans fyrirsögn að forsvarsmenn kirkjugarðanna tóku upp nafnið Hólavallagarður, sem hann segir að hafi upphaflega verið nafn garðsins og vísar þar til ummæla Steingríms Jónssonar biskups og Helga G. Thordersen dómkirkjuprests við vígslu garðsins (Björn Th. Björnsson,



Úr Hólavallagarði. Ljóm.: Þorgeir Adamsson.

1988, 257). Ekki er hægt annað en að telja þessa „leiðréttingu“ Björns vera helst til hæpna, þar sem þeir prestur og biskup vísuðu einungis til staðsetningar garðsins „við Hólavelli“ eða „á Hólavelli“. Garðurinn var frá upphafi, eins og áður hefur komið fram, nefndur kirkjugarður og ef best lét með orðunum Nýi eða Gamli eftir því sem árunum fjölgaði. Umfjöllun um Hólavallagarð á heimasíðu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma er unnin eftir bók Björns og vitnar beint í texta hennar (Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma [KGRP], e.d.-a). Þar er fullyrt án athugasemda að Hólavallagarður sé upprunalegt nafn garðsins. Á þennan hátt hefur nafnið fengið á sig ákveðinn en á sama tíma helst til vafasaman upprunastimpil en orð Björns Th. Björnssonar máttu síns mikils þegar kom að málum Hólavallagarðs.

Björn kom að ýmsum málum varðandi Hólavallagarð á meðan honum entist heilsa, bæði að eigin frumkvæði og að frumkvæði starfsmanna Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Til hans

var leitað um álit á viðhaldi og endurgerð minningarmarka og hann skrifaði greinar og pistla í *Bautastein*, ársrit Kirkjugarðasambands Íslands (Sigurjón Jónasson munnleg heimild, 27. október 2009). Björn Th. Björnsson lést 25. ágúst 2007.

Það er með ólíkindum að sjá hvað frumkvæði, sjónarhorn og gildismat eins einstaklings getur haft mikil áhrif á ákveðið viðfangsefni eins og í tilfalli Björns Th. Björnssonar og Hólavallagarðs. Umfjöllun Björns um Hólavallagarð er barn síns tíma og þarfnast endurskoðunar sem slík en enn sem komið er, er hún grundvöllur og eitt helsta leiðarhnoð allra þeirra sem skoða sögu og ásýnd Hólavallagarðs.

Sólveig Ólafsdóttir MA.
framkvæmdastjóri í ReykjavíkurAkademíunni

Einn fallegasti garður landsins að loknum miklum endurbótum

Kirkjugarðurinn á Patreksfirði hefur hlotið mikla andlitslyftingu undanfarin ár en þar hefur verið unnið að endurbótum frá árinu 1992. Ástand garðsins fyrir þann tíma var lélegt og lítið um gras í honum, meira af mel og moldardrullu. Fjöldi steinleiða er þar að finna og lágu þau undir skemmdum og mörg hver molnuð og ónýtt. Grindverkið um garðinn var orðið fúíð og ljótt og fólk talaði um að garðurinn væri kuldalegur.

Framkvæmt í þremur áföngum

Að sögn Gests Rafssonar sóknarnefndarformanns fannst fólk garðurinn kuldalegur og ekki skemmtilegt að hafa hann svona við aðkomuna að bænum. Því var farið í gagngerar endurbætur og viðgerðir. Gestur segir framkvæmdirnar hafa verið í þremur áföngum: „Sá fyrsti var langstærstur, en þá þurfti að taka alla legsteina og krossa burtu. Mörg steinleiði voru brotin niður en þau heillegustu látin standa. Síðan var garðurinn sléttaður og honum skipt niður í ramma þar sem tvær raðir eru rammaðar saman. Síðan var tyrft inn í rammanna og mól sett á milli.“ Girðingin var rifin og í staðinn hlaðinn veggur umhverfis garðinn. Gestur segir grjótið í vegginn hafa komið úr hliðinni við garðinn en einnig var hellulagt í aðalgöngustíg garðsins.

Í öðrum áfanga var garðurinn stækkaður. Hækka þurfti landið þar sem framkvæmdaaðilar höfðu glímt við klöpp efst í garðinum. Notast var við sama fyrirkomulag innan stækkunarinnar, þ.e. tvær raðir rammaðar saman og tyrftar og mól sett á milli. Hlaðin var upphækkun og haldið áfram með vegghleðsluna um garðinn. Gestur segir einnig hafa verið nauðsynlegt að endurnýja þjónustuhúsið á staðnum. „Gamla þjónustuhúsið var rífið vegna þess að það var orðið lúíð og stóð inni í miðjum garði. Farið var í að byggja nýtt þjónustuhús og það staðsett ofar, hægra megin við stækkunina. Bygging þess gjörbreytti aðstöðu fyrir umsjónarmann garðsins en í húsinu er kaffiástaða, snyrting og geymsla fyrir áhöld.“

Þriðji áfangi framkvæmdanna fólst svo í því að klára að loka garðinum, frágangi í kringum þjónustuhúsið og hellulögn á svæðinu. Einnig hafa verið settir upp ljósastaurar í garðinum og vatnslagnir. Þessum síðasta áfanga lauk 2008. Um hönnun og teikningar sá Pétur Jónsson landslagsarkitekt en um framkvæmdir sá að mestu Jón Júlíus Eliasson og hans starfsmenn frá Garðmönnum, auk þess sem heimamenn komu þar að. Guðmundur Rafn Sigurðsson umsjónarmaður kirkjugarða hjá Biskupsstofu hafði svo eftirlit með gangi mála og gaf góð ráð.

Aðspurður segir Gestur framkvæmdirnar hafa verið fjármagnaðar með eigin fé, lántöku og styrkjum frá kirkjugarðasjóði. „Sveitarfélagið kom einnig að framkvæmdunum með rausnarlegum hætti,“ segir Gestur, „og í dag er garðurinn í góðum málum og skuldar ekki neitt.“

Falleg aðkoma

Að framkvæmdunum loknum er garðurinn svo sannarlega fallegur. Grænn yfir að líta og umkringdur vandaðri vegghleðslu sem virkar eins og vernd utan um garðinn. Viðbrögð fólks hafa enda verið mjög góð. „Þegar framkvæmdir byrjuðu var þetta mjög viðkvæmt,“ segir Gestur. „Fólki fannst ekki gott að sjá alla legsteina og krossa tekna burtu og svo stór tæki vinna í garðinum. En eftir að framkvæmdum lauk höfum við bara fengið góð viðbrögð, bæði frá íbúum hér sem og gestum sem segja að garðurinn sé með þeim fallegri sem þeir hafa séð. Við leggjum líka áherslu á að hirða garðinn vel og höfum góðan starfsmann í því.“

Það má með sanni segja að þarna hafi tekist vel til og verið vandað til verka og garðurinn nú í heiðursessi og myndar fallega aðkomu að bænum. Metnaður og fagmennska í hvívetna sem skilar sér í glæsilegri útkomu.

Hulda G. Geirsdóttir.



Yfirlitsmynd yfir garðinn að loknum framkvæmdum. Svo sannarlega glæsileg útkoma og mikil breyting. Ljóm.: GRS



Séð yfir allan garðinn fyrir lagfæringar. Ljós.: GRS



Svona leit garðurinn úr fyrir lagfæringar. Ljós.: GRS



Við verklok, Jón Júlíus og hans menn ánægðir með gott verk. Ljós.: GRS



Fyrir lagfæringar. Ljós.: GRS



Vegghleðsla og hellulögn í fullum gangi. Ljós.: GRS



Garðurinn eins og hann lítur út í dag. Ljós.: GRS

Porgeir Adamsson

Umhverfismál – flokkun úrgangs



Málm dósir undan kertum.

Markmið þeirra opinberu aðila er fara með förgun á úrgangi eru háleit og verðug. Þau eru jafnframt krefjandi fyrir hinn almenna borgara sem „býr til“ sorpið. Meðal þessara markmiða er að draga stórlega úr urðun á lífrænum úrgangi en til þess að það verði að veruleika þurfa allir að leggja sitt af mörkum. Það dugir samsagt ekki að kasta frá sér úrgangi hugsunarlaust.

Í Kirkjugörðum Reykjavíkur fellur til mikið af lífrænum úrgangi. Jarðgerð hefur verið stunduð frá árinu 1999, þ.e. allur garðaúrgangur sem til fellur er jarðgerður í stóru görðunum og endurnýttur. Annars konar lífrænn úrgangur sem til fellur í stórum stíl og hefur hingað til verið fargað með miklum tilkostnaði eru blómakransar og jólaskraut. Eftir að þessar skreytingar hafa þjónað tilgangi sínum hefur það reynst vandkvæðum bundið að koma úrganginum í jarðgerð vegna þess að kransar og jólaskraut eru samsett úr lífrænum efnum og gerviefnum. Náttúrulegu efnin er auðvelt að endurvinnna en vandkvæðin stafa af litlum hlutum úr gerviefnum eða málmum sem gera það að verkum að jarðgerð og endurvinnsla þessara skreytinga er erfið.

En ekki þýðir að leggja árar í bát. Kirkjugarðar Reykjavíkur hafa nú komið á samstarfi við Fjölsmiðjuna í Kópavogi um endurvinnslu á blómakrönsum. Starfsfólk Fjölsmiðjunnar tekur við krönsum, hreinsar skreytingarefni utan af hálmhringjunum

sem eru endurnýttir og flokkar lífrænt skreytingarefni frá til jarðgerðar. Eins og gefur að skilja falla til fleiri hundruð blómakransar á hverju ári og kostnaður við förgun þeirra hjá Sorpu hefur verið mikill en með þessu móti sparast beinhardir peningar og við leggjum okkar skerf til umhverfismála.

Jólaskrautið sem einnig fellur til í görðunum og þarf að farga er mikið að umfangi. Magnið skiptir tugum rúmmetra á ári hverju og næstum allt skrautið er vírbundið með gerviefnum í bland. Einnig hefur reynst erfitt að endurvinnna jólaskrautið þótt það sé að langmestu leiti gert úr sígrænum greinum vegna gerviefnanna sem eru kyrfilega fest við greinarnar með bindivír. Starfsmenn KGRP lögðu í mikla vinnu við flokkun á jólaskrauti í mars síðastliðnum sem fólst í að skilja lífrænan hluta skreytinganna frá gerviefnum. Þessi vinna var gífurleg og verður ekki lagt aftur í slíkt.

Markmið okkar verður því að leiða til þess að allar skreytingar, jóla- sem og aðrar skreytingar, verði þannig að hægt verði að setja þær beint í jarðgerð hér í görðunum. Vissulega sjást í auknum mæli skreytingar sem eru eingöngu lífrænar og það er merki um að aðstandendur eru fjölbreytilegur hópur fólks þar sem innan um eru einstaklingar meðvitaðir um umhverfismál.

Samskipti hafa verið við þá sem eru í forsvari fyrir kennslu í



Kransar.



Rusl sem féll til við endurvinnslu jólaskrauts.



Jólaskraut.

blómaskreytingum í Landbúnaðarháskóla Íslands með það fyrir augum að nemendur fái þau skilaboð að skreytingar í kirkjugörðum skuli vera úr lífrænum efnum. Einnig komum við þeim skilaboðum til aðstandenda í svokölluðum leiðishafabréfum að skreytingar skuli vera úr lífrænum efnum. Ljóst má vera að einhvern tíma tekur að breyta háttum fólks þannig að eingöngu verði settar lífrænar skreytingar á leiði hér í görðunum en nú er komin hreyfing á málefnið og ekki verður aftur snúið. Stefnt er að því að nýta fjölmiðla til þess að koma boðskapnum um þessi umhverfismál á framfæri.

Í flokkun úrgangs hefur ekki verið numið staðar við jólaskraut og blómakransa. Á hverju ári falla til kertadósir úr

málmi svo þúsundum skiptir, mest eftir jólin, og hefur hreinsunarstarfi verið svo fyrir komið að allar málm dósir fara í endurvinnslu. Einnig fellur til mikið af hálfbrunnum kertum í plastdósum sem komið hefur verið í endurvinnslu hjá hæfingarstöðinni Bjarkarási sem notar vaxið í kertagerð.

Flokkun sorps og endurvinnsla þess í hvað víðtækastri mynd er mikilvægt og krefjandi verkefni og þurfa allir að leggja sitt af mörkum. Starfsmenn KGRP sem hafa látið sig umhverfismálin varða eiga þakkir skildar fyrir að hafa unnið ötullega að flokkun úrgangs og endurvinnslu.

Þórsteinn Ragnarsson

Kirkjugarðaráðstefna í Svíþjóð

Samtök norrænna kirkjugarða og bálstofa, NFKK efndu í samvinnu við Samtök starfsmanna norrænna útfararstofa og fleiri til ráðstefnu í Gautaborg dagana 10. til 12. september 2009. 25 Íslendingar fóru utan og voru 12 af þeim skráðir þátttakendur. Slíkar samnorrænar ráðstefnur eru haldnar fjórða hvert ár, síðast árið 2005 í Reykjavík.

Ráðstefnan í Gautaborg var haldin í „Svenska Mässan“ sem er stærsta ráðstefnu- og sýningarýmið á Norðurlöndum. Ráðstefnan var stærri og yfirgripsmeiri en áður því starfsmenn útfararstofa voru einnig með í þetta sinn. Yfir 600 manns sóttu ráðstefnuna víðsvegar af Norðurlöndunum. Haldin voru um 20 fróðleg erindi og voru þau túlkuð yfir á íslensku og finnsku.

Í tengslum við ráðstefnuna var haldin fagsýning sem sýndi margvíslega hluti sem snúa að útförum og rekstri kirkjugarða. Síðasta dag ráðstefnunnar voru farnar kynnisferðir um nágrenni Gautaborgar.

Íslensku þátttakendurnir voru mjög ánægðir með ferðina sem gekk vel í alla staði. Flogið var til Kaupmannahafnar og þaðan var tekin rúta til Gautaborgar en þar á milli er tæplega fjögurra tíma akstur. Sama leið var farin til baka. Veðrið var ákjósanlegt, bjart og hlýtt eins og minningin um velheppnaða ferð.

*Þórsteinn Ragnarsson,
Forstjóri KGRP.*



Þarna má sjá arkitektahjónin Sigríði Magnúsdóttur og Hans-Olav Andersen, sem hönnuðu duftreitina á Sóllandi, ræða við Sigurjón Jónasson, rekstrarstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma sem stendur á milli þeirra.



Vel er hugsað um kirkjugarða í Svíþjóð.



Ótal gerðir af ýmiss konar minningarmörkum voru til sýnis. Þarna er glerplatti með áletrun á járnplötu. Dæmi hver fyrir sig.




Óhefðbundnar kistur voru til sýnis á sýningarsvæðinu.



Íslenski hópurinn var sóttur á Kastrup í Kaupmannahöfn og ekið að hótelinu í Gautaborg. Á myndinni eru hjónin Sigurlaug Guðmundsdóttir og Indriði Valdimarsson frá Akranesi. Fyrir aftan þau má sjá Vilhjálmm Siggeirsson, stjórnarformann Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf, og þar fyrir aftan Betzý Ívarsdóttur konu Arnórs L. Pálssonar, framkv.stj. Útfararstofunnar.



Viðamikil sýning var í tengslum við ráðstefnuna. Hér má sjá hluta af þeim duftkerjum sem voru til sýnis.



Tölf Íslendingar sóttu ráðstefnuna og þarna má sjá Kristján Jón Guðjónsson frá Kirkjugörðum Akureyrar, sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, prófast, og Jóhannes Pálmason formann stjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.



Kirkjugarðar í Svíþjóð eru eins og lystigarðar.

Tjörnin í Reykjavík - yfirlitsmynd



Séð yfir Tjörnina. Hólavallagarður og líkhúsið til vinstri. Landakot fyrir miðri mynd, Iðnó í hægri horni. Myndin er talin vera frá 1920 – 1925. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.

Nemendur smíðuðu sáluhlið

– hagnýtt og skemmtilegt samstarfsverkefni



Gamla ljósmyndin sem smíðað var eftir.

Nemendur við Iðnskólann í Hafnarfirði tóku að sér skemmtilegt og spennandi verkefni á síðasta ári þegar þeir réðust í að smíða nýtt sáluhlið við kirkjuna á Þingvöllum. Hliðið er fullkomin eftirmynd af sáluhliði sem stóð á sama stað fyrr á tímum en það er smíðað eftir ljósmynd sem tekin var í kringum 1880. Verkefnið um endursmíði sáluhliðsins byrjaði í fyrra vetur með spjalli Þórhalls Hólmgeirssonar kennara við Iðnskólann í Hafnarfirði og Guðmundar Rafns Sigurðssonar umsjónarmanns kirkjugarða hjá Biskupsstofu. Þórhallur talaði þar um að gaman væri þegar nemendur fengju tækifæri til að spreya sig á verkefnum sem tengdust gömlu handverki. Nefndi Guðmundur Rafn þá við hann hugsanlega endursmíði sáluhliðsins við kirkjugarðinn á Þingvöllum. Þórhallur bar þessa hugmynd undir skólayfirvöld og fékk samþykki þeirra, jafnframt var málið kynnt fyrir sóknarnefnd, sóknarpresti og þáverandi þjóðgarðsverði, Sigurði heitnum Oddssyni, og leist öllum vel á hugmyndina. Í framhaldinu var Hjörleifur Stefánsson arkitekt fenginn til að útbúa vinnuteikningar af hliðinu og studdist hann við ljósmyndir frá Sigfúsi Eymundssyni sem teknar voru á Þingvöllum kringum 1880. Smíðin tók um þrjá mánuði og að henni lokinni var hliðið flutt að Þingvöllum við hátíðlega athöfn. Skólameistari Iðnskólans, Jóhannes Einarsson, lagði til fornbíl í sinni eigu sem notaður var við Alþingishátíðina 1930 og var bíllinn fluttur austur með hliðið á pallinum og svo ók Jóhannes bílnum niður Almannagjá og að Þingvallakirkju þar sem hliðið var sett á sinn stað. Í tilefni af 150 ára afmæli

kirkjunnar höfðu einnig verið hlaðnir upp nýir veggir og var hliðið sett þar á sinn stall og fullkomnaði þar með verkið.

Biskup Íslands, séra Karl Sigurbjörnsson, blessaði hliðið og sagði verkið lofa meistarann. Í þakkarbréfi til nemenda skólans sagði biskup svo ómetanlega alúð og umhyggju liggja að baki verkinu og hliðið ætti eftir að gleðja gesti á Þingvöllum um langa tíð.

Þórhallur Hólmgeirsson kennari, sem hafði umsjón með verkinu, flutti einnig eigið ljóð við afhendinguna og fer það hér á eftir:

Allt hið góða um eilífð lifir
ávallt þó í fegri mynd
stöðugt færast andinn yfir
upp á hærri sjónartind.

Sáluhliðið prýðir svo sannarlega staðinn og setur svip á umhverfið. Gaman er að sjá hvernig þarna var sameinað nám og hagnýtt verkefni og geta nemendur Iðnskólans verið stoltir af góðu verki.

Til stendur að framhald verði á hagnýtum verkefnum hjá nemendum Iðnskólans en þeir hyggja meðal annars á endurbyggingu Krísvíkurkirkju sem brann til grunna sl. vetur.

Hulda G. Geirsdóttir.



Aðkoman að kirkjunni fyrir breytingarnar. Ljós.: GRS



Frá afhendingu hliðsins, f.v. Jóhannes Einarsson skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði, í miðri sr. Kristján Valur Ingólfsson sóknarprestur og til hægri hr. Karl Sigurbjörnsson biskup. Sáluhlið, gamli Ford og nemendur í baksýn. Ljós.: GRS




Framkvæmdum lokið við veggheðsluna og hliðið komið á sinn stað. Útkoman er glæsileg. Ljós.: GRS



Hér sést Jóhannes skólameistari á tali við sóknarnefndarformanninn Sveinbjörn Jóhannesson á Heiðarbæ áður en lagt var af stað niður Almannaþjá. Ljós.: GRS

Þórsteinn Ragnarsson


Framkvæmdir í Gufuneskirkjugarði



Gott samræmi er á milli hönnunar starfsmannahúss og sáluhlíðs enda sömu arkitektar að verki.

Gufuneskirkjugarður er staðsettur í miðju Grafarvogshverfi í Reykjavík, milli Húsahverfis og Rimahverfis, og er hann um 30 hektarar að stærð. Garðurinn var vígður 16. júní 1980 og verða liðin 30 ár frá vígslu hans í sumar. Láta mun nærri að bóúð sé að útbúa sem grafarsvæði um 70% af því landsvæði sem er innan girðingar og eftir 10 til 15 ár verður væntanlega bóúð að ganga frá öllum grafarsvæðum og úthluta þar öllum nýjum grafarstæðum. Í garðinum eru grafreitir fyrir fólk af ýmsum trúarbrögðum utan kristni, s.s. búddatrúar, íslamstrúar og ásatrúar. Einnig er reitur fyrir þá sem standa fyrir utan trúfélög. Eftir að bóúð er að taka allan garðinn í notkun verður grafið í frátekin legstæði út alla 21. öldina.

Í Gufuneskirkjugarði vinna um þessar mundir nú starfsmenn og gert er ráð fyrir að garðyrkjumönnum fjölgi þar á næstu árum. Á árunum 2006 til 2008 var reist starfsmannahús á Hallsholti, sunnan við kirkjugarðinn, sem var fyrsti áfangi þjónustubygginga þar. Starfsmannahúsið er glæsilegt hús og bætti það úr brýnni þörf og hefur reynst vel. Yfir sumartímam bætast við um 55 sumarstarfsmenn sem vinna við umhírðu garðsins. Undanfarin þrjú misseri hafa staðið yfir framkvæmdir við hús sumarstarfsmanna sem tekið verður í notkun í sumarbyrjun. Tvö timburhús, 90 m² hvort, voru reist fyrir vígslu garðsins, annað fyrir fastráðna starfsmenn og skrifstofu og hitt fyrir sumarstarfsmenn. Þessi hús voru tengd saman með 60 m² tengibyggingu og þannig varð til eitt rúmgott hús sem mun hýsa sumarstarfsmenn garðsins. Húsinu er skipt upp í þrjú hluta. Starfsmenn koma inn í rúmgóðan sal þar sem þeir hengja af sér útifatnað og fara úr útiskóm. Í tengibyggingunni eru snyrtingar og þar næst tekur við matsalur með eldhús-



Gömul skipsklukka verður notuð í klukknaþortið.



Stafirnar í nafni garðsins verða skornir út úr grágrýtisblökkum úr Hallsholti sem er vestur af innkeyrslu.



Skipsklukka St. Paul 1897. Ekki er vitað hvenær eða hvernig KGRP eignuðust klukkuna en hún var á sínum tíma (fyrir miðja síðustu öld) hengd upp í viðbyggingu við áhaldahús sem var í Fossvogskirkjugarði og var henni hringt þegar líkfyldir fóru inn í garðinn áður en Fossvogskirkja var vígð. Klukkan var síðan flutt upp í Gufuneskirkjugarð þegar hann var vígður 1980 en aldrei notuð þar til líkhringinga.



Húsið skiptist í þrjá hluta. Lengst til hægri er salur fyrir útífatnað, í miðjunni eru snyrtingar og næst á myndinni er matsalurinn.

tækjum og eldhúsaðstöðu. Undanfarin sumur hefur aðstaðan fyrir sumarstarfsmennina í Gufuneskirkjugarði verið ófullnægjandi. Salerni hafa verið of fá miðað við fjölda starfsmanna og nær engin aðstaða fyrir útífatnað. Með tilkomu nýja hússins verður mikil breyting til batnaðar og hlakka fastráðnir starfsmenn í Gufuneskirkjugarði til að taka á móti „farfuglunum“ sínum og bjóða þeim upp á stórbætta aðstöðu í nýja húsinu.

Í vetur sem leið hafa arkitektar frá Arkibúllunni ehf, sem teiknuðu starfsmannahúsið á Hallsholti, teiknað sáluhliðsveggi og klukknaort sem staðsetja á við innkeyrsluna frá Hallsvegi inn í Gufuneskirkjugarð. Þessum framkvæmdum hefur verið frestað síðastliðin ár en áformað var að framkvæmdir hæfust í vor og garðurinn þar með fullkláraður. Við gerð fjáhagsáætlunar og nánari athugun var þó ákveðið að fresta þeim til næsta árs vegna tekjuskerðingar, bæði hjá KGRP og sveitarfélögunum á þjónustusvæði KGRP en samkvæmt lögum eiga þau að taka þátt í slíkum framkvæmdum. Segja má að þessar fyrirhuguðu framkvæmdir séu lokaframkvæmdir í garðinum og vitanlega er það kyndugt að sáluhlið og víðeigandi umgjörð hafi ekki enn verið sett upp við innkeyrslu í stærsta kirkjugarð landsins eftir 30 ára notkun hans en vonandi tekst að bæta úr því á næsta ári.



Matsalurinn tekur um 80 starfsmenn en sá fjöldi verður í sumarvinnu í Gufuneskirkjugarði þegar öll grafarsvæði hafa verið tekin í notkun.

Duftgarðar

*Nýr upplýsingabæklingur, reglur um stærð
minningarmarka og beiðnakerfi*



Í tilefni af vígslu duftgarðsins Sóllands var gefinn út upplýsingabæklingur um duftgarða Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Þar er gerð sérstök grein fyrir hinum nýja duftgarði sem og öðrum duftreitum sem eru í umsjá KGRP. Stutt lýsing er á hverjum garði og leiðbeiningar um staðsetningu þeirra. Einnig er þar að finna útdrátt úr reglum um stærð og frágang minnismarkja. Bæklingurinn var unninn í samstarfi við Teiknistofuna Tröð ehf.

Bæklingnum er dreift hjá útfararstofum og legsteinasölum en einnig er ætlunin að senda eintak beint til aðstandenda þeirra sem hafa verið brenndir. Þar með fá þeir upplýsingar um mögulega staði til greftrunar í Kirkjugörðum Reykjavíkur sem og reglur um minningarmörk.

Einnig voru áður útgefnar reglur frá 2004 um stærð og frágang minnismarkja í umdæmi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma endurskoðaðar og gefnar út að nýju frá Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu þann 2. október

2009. Í reglunum er nú að finna sérstakar greinar um Sólland þar sem m.a. koma fram ákvæði um mismunandi gerðir minningarmarka eftir því hvaða svæði garðsins er átt við.

Um leið og nýju reglurnar tóku gildi var ákveðið að hver sá sem ætlar sér að setja upp legstein verður að sækja formlega um leyfi fyrir uppsetningu hans. Til að auðvelda legsteinasölum umsýsluna var útbúið sérstakt kerfi sem hver legsteinasali hefur aðgang að á netinu með sérstöku aðgangsorði. Þar gefur viðkomandi upp mál á minnismarkinu og væntanlega staðsetningu og svar berst um hæl í tölvupósti. Þetta kerfi auðveldar yfirsýn á uppsetningu steina og allt eftirlit til mikilla muna. Einnig auðveldar þetta kerfi legsteinasölum afgreiðslu viðskiptavina sinna á þann hátt að þeir geta sýnt þeim fram á heimild eða bann eftir því sem við á varðandi þá gerð minnismarkis sem óskað er eftir.

Þorgeir Adamsson



ÚTFARARÞJÓNUSTA KIRKJUGARÐA AKUREYRAR

Höfði, v/ Þórunnarstræti · 600 Akureyri
Sími 461 4060 · Fax 461 4061

Þjóðum upp á krossa á leiði

- Trékrossa
- Zínkhúðaða
- Úr ryðfríu stáli
- Áletrum plötur

Eigum margar gerðir af krossum



Gamli tíminn

Líkkistur

vandadar að efni og öllum frágangl, hefi jeg ávallt tilbúnar af ýmsum gerðum, einnig úr plökum og eik. — Leigi vandabasta líkveginn fyrir lægsta leigu. — Sjá um útfarir að öllu leiti. Þeim sem ekki er alveg sanna um verð, mættu að spyrjast fyrir um það hjá mér, áður en fest eru kaup annarsstaðar og líta á frágang.

Tryggvi Árnason, líkkistusmiður.
Njállegta 5. — Sími 962.

*Auglýsingin hér að ofan var birt í vikublaðinu Fálkanum
29. september 1928.*

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frímarr Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta



Hugufrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Fréttir af aðalfundi 2009 og 2010



Aðalfundur KGSÍ **2009** var haldinn á Höfn í Hornafirði laugardaginn 23. maí. Þátttaka á fundinum var nokkuð góð. Þrjátíu og sex þátttakendur rituðu nöfn sín á nafnalista og reikna má með að heildartala þeirra sem voru í tengslum við aðalfundinn hafi verið um 70 manns. Dagskráin var fjölbreytt og voru þar flutt mörg fróðleg og skemmtileg erindi, svo sem erindi heimamanns, Sigurðar Arnar Hannessonar héraðsskjalavarðar, sem fjallaði um uppruna Hornfirðinga og flutti sögulegt yfirlit með eigin hugleiðingum. Fundarmenn og makar fóru í stórgóða skoðunar- og skemmtiferð eftir fundinn. Farið var með mannskapinn yfir í svonefndar Suðurfjörur en þar tók við fjórhjólaakstur yfir sandana og var ekki laust við að sumir færu svolítið glannalega - en við nefnum engin nöfn! Um kvöldið var hátíðarkvöldverður á Hótel Höfn og síðan góð samvera fram eftir kvöldi. Óhætt er að þakka Hornfirðingum góðan undirbúning og móttökur þó að veðrið væri fremur kalt með rigningarhraglanda.

Næsti aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands, aðalfundur **2010**, verður haldinn í Hafnarfirði laugardaginn 12. júní. Mörgum finnst fundurinn í ár nokkuð seint á ferðinni en því er til að svara að erfitt var að koma honum fyrir á laugardegi vegna þess að þeir voru svo margir „fráteknir“ seinni hlutann í maí en sá tími hefur oftast orðið fyrir valinu. Hvítasunnudagur er nú 23. maí og sveitarstjórnarkosningar verða laugardaginn 29. maí og fyrsti sunnudagur í júní, þ.e. 6. júní, er sjómannadagurinn og þá var komið að 12. júní sem varð fyrir valinu.

Margir hafa eignast félagi og vini á þessum vettvangi og hjálpar það mörgum sem vinna einir í héruðum að málefnum kirkjugarða og við útfararþjónustu að geta haft samband við starfsfélaga á öðrum svæðum til að ræða málín. Gott verður að sækja Hafnfirðinga heim og er undirbúningur af þeirra hálfu þegar hafinn. Fundað verður í Turninum í Firði, sem er veislu- og fundarsalur á efstu hæðinni á Fjarðargötu 13 - 15 í Hafnarfirði, og gistirými hafa verið pöntuð á Hótel Hafnarfirði.

Skráning er á slóðinni: www.gardur.is/adalfundur2010

Í Garnison kirkjugarðinum í Kaupmannahöfn er að finna legstein yfir J.J. Bierre sem var Menningarmálaráðherra Dana á árunum 1990-1991, þingmaður og prestur. Legsteinninn er úr graníti og inn í hann er felld lágmynd eftir Einar Jónsson listamann. Ekki er vitað til þess að margar slíkar myndir eftir íslenska listamenn sé að finna erlendis, en Einar hafði tengingu við Danmörku enda lærði hann þar. Fjallað er um minningarmarkið í bókinni GARNISONS KIRKEGÅRD - Historiske indtryk og kirkegårdskunst og er myndin fengin þaðan.



Gunnar Neegaard

Trúarbrögð og útfararsíðir

Uppruni og inntak

Trúarbrögð og útfararsíðir

Bók þessi er hvort tveggja í senn, leiðsögurit og fræðirit, sem veitir hnitmiðaða innsýn í útfararsíði, sögulegan uppruna og grundvallarhugmyndir helstu trúarbragða heimsins.

Bókin er nauðsynleg í starfi allra þeirra fjölmörgu sem koma að útförum. Visindasjóður Prestafélags Íslands greiðir bókina fyrir presta sem hafa aðild að sjóðnum. Bókin er til sölu á skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi og er hægt að panta hana með því að hringja í síma 585-2700 og tala við Gunnar, Ingunni eða Helgu.



VÉLSMIÐJA STEINDÓRS

Vélsmiðja Steindórs ehf. hefur yfir að ráða fagþekkingu og reynslu sem byggir á nær einnar aldar starfi í greininni. Á þeim tíma hafa verkefnið verið fjölbreytt og krefjandi. Fá þeirra fylla stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins jafnmiklu stolti og brúarsmíðin fyrir Kirkjugarða Reykjavíkur.

Innilegar hamingjuóskir með þennan nýja og glæsilega duft kirkjugarð.



Fjöl-smíð ehf Líkkistuvinnustofa

Fjöl-smíð Líkkistuvinnustofa er fjölskyldufyrirtæki sem stofnsett var árið 1995. Fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu á líkkistum og krossum á leiði, auk þess að sjá um bólstrun og hönnun á sængurfötum í kistur. Fjöl-Smíð býður upp á fjölbreytt úrval af líkkistum. Einnig bjóðum við margar tegundir af duftkerum og hluti sem notaðir eru í kirkjugörðum, s.s. blómavasa og kertaluktur.

Fyrirtækið þjónustar útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni, jafnframt því að þjónusta heilbrigðisstofnanir og einstaklinga um land allt. Að Stapahrauni 5 er rúmgóður sýningarsalur sem opinn er alla virka daga frá kl.8.00 til 17.00, og eru þar veittar allar upplýsingar um vörur og þjónustu, einnig er hægt að hafa samband eftir lokun og um helgar í síma 565-8995 og farsíma 898-5765, einnig er hægt að fá sendan bækling ef eftir því er óskað.

Kisturnar frá okkur uppfylla kröfur umhverfisstaðla Norðurlanda hvað varðar greftrun og brennslu.



Fjöl-smíð líkkistuvinnustofa
Stapahrauni 5 - 220 Hafnarfirði
sími: 565-5775.
Netfang: fjolsmid@simnet.is
Heimasíða: <http://www.uth.is>

Skildir
Krossar
Legsteinar



Kopar sem endist
um aldir
án viðhalds



Málmsteypan**HELLA**

Kaplahrauni 5 Hafnarfirði
Sími: 5651022
hella@hella.is www.hella.is

Skilti og smekklegar merkingar



Viðhaldsfrítt
skiltakerfi fyrir
fjölbýlishús

Breytingar prentaðar
á venjulegan prentara!



BJÓÐUM EINNIG:

- Gluggmerkingar
- Hönnun & ráðgjöf
- Bílamerkingar
- Límmiða (sólekta)
- Sandblástursfilmu

MERKISMENN +544
2030

Ármúla 36 • merkismenn@merkismenn.is

Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð
við Suðurgötu, Gufuneskirkjugarð Foss-
vogskirkjugarð og Kópavogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá
kl. 9 - 16 í síma 585 2770



gardur.is

Látið minninguna lifa um ókomna tíð á gardur.is!
Birtið myndir og æviágrip af látnum ástvinum á
gardur.is. Nánari upplýsingar í síma 585-2700
og á slóðinni www.gardur.is.



Skaftfell ehf

Sundaborg 3, 104 RVK, Sími: 5889020

Approved
Distribution Partner
Building Technologies

SIEMENS



Sérhannað af Siemens fyrir heimili og lítil fyrirtæki, fjölhæft öryggiskerfi sem sameinar öryggi og þægindi í eitt kerfi, gerandi það að réttum kosti fyrir hvern sem leitar sér að góðri innbrotaviðvörðun, algeru öryggi og úrvals þægindum. Stílhreint og flott stjórnstöð og hnappaborð sem eru hjarta kerfisins, sem er hvort sem er vírað eða þráðlaust. SMS viðvaranaskilaboð, vatnslekanemum eða jafnvel ljósaþýring eru örfá dæmi um möguleikana sem Sintony 60 býður uppá, þannig að þú ert viss um að hvar sem þú ert, þá er þitt heimili eða fyrirtæki í öruggum höndum. Einfaldlega og áreiðanlega.

www.siemens.com/intrusion

www.skaftfell.com

SIEMENS



Bálfarabeidni skipulag útfarar - æviágrip

*Athyglisverðar
upplýsingar, kynnið
ykkur málið!*

www.kirkjugardar.is

Komatsu Zenoah vélorf, keðjusagir og limerðisklippur.

Sterkbyggð, örugg og afkastamikil vinnutæki



Stiga sláttuvélar í úrvali.

Sænskar, einstaklega
notendavænar sláttuvélar



Club Car raf- og bensínbifreiðar í úrvali.

Virtasta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum með 40 ára reynslu.



Vetrarsól ehf.
Askalind 4, Kópavogur
Sími 564 1864 - Fax 564 1894
Netfang vetrarsol@simnet.is



www.gudjono.is
sími 511 1234

GRÆNA
prentsmiðjan



Einstök hönnun frá Bose



MA12 hátalarinn er ein af tækninýjungum Bose sem hönnuð er sérstaklega fyrir kirkjur og umhverfi þar sem útlit, afl og hljómgæði fara saman. Hátalarinn hefur einstaka hljóðdreifingu og kastdrægni sem tryggir jafnan hljóðstyrk og hljómgæði hvar sem setið er.


Sense hefur á að skipa starfsmönnum með áratugalanga reynslu í hönnun, ráðgjöf, uppsetningu og rekstri á hljóð-, mynd- og stjórnbúnaði fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Samstarfsaðilar Sense eru margir af allra fremstu framleiðendum heims á sínu sviði. Má þar nefna Sony, Bose, Crestron, NEC, Panasonic og Audio Technica.

Þekking og reynsla starfsmanna okkar ásamt sterkum vörumerkjum gera Sense að góðum samstarfsaðila fyrir stór og smá verkefni.

Finnst þér ekki skrytið að hjá sumum tryggingafélögum er fyrsta árið ódýrast?

Okkur finnst nú einmitt að okkar bestu viðskiptavinir eigi að fá lægra verð.



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is

- Hjá TM fá bestu viðskiptavinirnir hærra tjónleysisafslátt
- Hjá TM fá viðskiptavinir váttryggingaráðgjöf sniðna að sínum þörfum
- Hjá TM fá viðskiptavinir framúrskarandi tjónþjónustu

Hjá TM tölum við um viðskiptavini og vitum að gott vinasamband verður ekki til af sjálfu sér. Þau þarf að rækta.

Gott samband verður betra með tímanum

